

Ed. 852. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkvæmt 1. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

4. gr.

Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta fjárhagsnefndar (HG, KA, LJóh og MJ) að tilmælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir að öðru leyti um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

„Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að lagt verði sérstakt gjald á aflasölu þeirra skipa, sem sigla með eigin veiði á erlandan markað. Það er vitað, að afkoma þeirra skipa, sem haft hafa slíka aðstöðu, hefur verið góð og að ýmsu leyti betri en annarra veiðiskipa. Þykir því eðlilegt, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, greiði á þennan hátt nokkurn hluta af skattahækkunum þeim, sem óhjákvæmilegar eru.

Tekjur ríkissjóðs samkv. frumvarpi þessu munu nema rúmlega 2,1 millj. kr.“